

## – Þökk sé þeim sem gaf okkur Biblíur!



Texti: Hans J. Sagrusten

Mynd: Dag Smemo

Íslensk þýðing: Þorgils Hlynur Þorbergsson

**„Guð hefur gefið okkur Paradís!“ Aðstæðurnar í dag eru allt aðrar en þær fyrir 25 árum, segir grísk-kaþólski presturinn. Nú eiga þau Biblíur sem þau geta notað í barna- og fjölskyldustarfinu í kirkjunni.**

Það er hvítasunnudagur í Lviv í vesturhluta Úkraínu. Eftir guðsþjónustuna í stóru grísk-kaþólsku dómkirkjunni hittum við föður Roman Kravchick.

Við spyrjum hvort nokkurt barnastarf sé í dómkirkjunni.

– Hvar á ég að byrja, segir faðir Kravchick, brosir og baðar út höndunum.

– Það eru um það bil 350 fjölskyldur sem tilheyra þessari dómkirkju, og við við höfum fjölbreytta starfsemi fyrir börn á öllum aldri.

Tvisvar í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum, eru fjölskyldusamverur með biblíulestri, segir hann.

– Það koma bæði lítil og stálpuð börn. Og hvert og eitt þeirra á sína eigin Biblíu frá Biblíufélaginu.

– Þegar þau koma saman, lesa þau meira en einn kapítula. Fyrst fara þau með bænir. Svo lesa þau texta úr guðspjöllunum og einn úr bréfunum í Nýja testamentinu. Fólk les til skiptis. Loks leiðir

prestur samræður um það sem þau hafa lesið. Í heild tekur þetta á milli 40 mínútna til eins klukkutíma.

– Við höfum einnig sumarþúfir fyrir börn og samkomur þar sem við deilum út barnabiblíum og hvetjum börnin til þess að lesa.

– Það er stórt skref fyrir manneskju að taka sér Biblíuna í hönd og byrja að lesa. Það er mikilvægt að við tökum okkur Biblíuna í hönd og byrjum að lesa.

Grísk-kaþólska kirkjan er kaþólska út af fyrir sig. Hún er kaþólska að því leyti að hún lýtur valdi páfans í Róm, en hún hefur haldið í atferli rétttrúnaðarins og orðfæri. Til að mynda er atferlið sungið í rétttrúnaðarkirkjunum án hljóðfæraleiks.

– Hvernig er aðgengið að Biblíum í dag, borið saman við fyrir 25 árum?

– Hah! – Faðirinn fórnar höndum og hristir höfuðið.

**– Það er ekki hægt að bera það saman! Heilagur andi hefur upplýst okkur — hann hefur gefið okkur Paradís! Þökk sé bæði Guði og mönnum. Þökk sé öllum þeim sem gáfu Biblíurnar sem við fengum!**

Hvað hugsar hann þegar hann horfir 25 ár fram í tímann?

– Mér er órótt vegna þess hvernig Gamla testamentið er notað. Fólk bæði notar og skilur Nýja testamentið. En þegar við fögnum hvítasunnu í dag, er þessu einnig spáð fyrir í Gamla testamentinu. Við verðum að útskýra Gamla testamentið, og þá síði sem þangað eiga rætur sínar að rekja, betur.

– Hefur gleðin yfir lestri í Biblíunni einnig náð til kirkjunnar þinnar?

– Já! Já, svo sannarlega. Í kirkjunni okkar eru 250 fjölskyldur með í biblíuleshóp í heimahúsum klukkan níu á hverju kvöldi. Þær kveikja ljós og lesa upphátt úr Biblíunni heima. Kirkjan hefur átt frumkvæðið að þessu. Þessu fylgir biblíulestraráætlun sem við höfum búið til.

– Þar að auki fara þessar fjölskyldur með bænir úr Davíðssálmunum á hverjum degi. Þær fara í gegnum alla Sálmanna tvisvar á ári, einn Davíðssálm á dag.

Þegar faðirinn gefur saman brúðhjón, gefur hann þeim Biblíu og hvetur þau til þess að lesa í henni.

– Þegar ég hitti aftur hjón sem ég hef gefið saman, spyr ég þau alltaf: Hvað hafið þið lesið í dag? Og oft geta þau sagt hvað þau hafa lesið.

– Þegar fólk kemur á biblíufundi á þriðjudögum og fimmtudögum, fá prestarnir oft að heyra vitnisburði um það sem það hefur lesið í Biblíunni.

– Hefur þú hvatningarorð fram að færa til Biblíufélagsins?

**– Þetta starf sem þið sinnið í dag er býsna gott. Þegar ég sný mér til Biblíufélagsins, hafið þið alltaf eitthvað upp á að bjóða. Það mikilvægasta er að Biblíurnar liggi ekki óhreyfðar, heldur séu þær í notkun. Þegar maður fær Biblíu, skynjar hann samtímis að honum ber skylda til að nota hana.**